

*Greinargerð starfshóps um fræðslu um
kynferðislegt ofbeldi gegn börnum.*



Menntasvið Reykjavíkurborgar
Maí 2006



***Greinargerð starfshóps um fræðslu um kynferðislegt
ofbeldi gegn börnum.***

Starfshópur um fræðslu um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum:

*Guðrún Edda Bentsdóttir, verkstjóri
Guðrún Þóra Vilhjálmsdóttir
Kristín Einarsdóttir
Ragna Ólafsdóttir
Sigríður Marteinsdóttir, ritari
Tinna Sigurðardóttir
Þorgeir Magnússon*

***Menntasvið Reykjavíkurborgar
Maí 2006***

Tillögur hópsins

1. Allir leik- og grunnskólar borgarinnar verði hvattir til að setja inn í símenntunaráætlanir sínar fræðslu um barnavernd, þ. m. t. viðbrögð við grun um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum. Menntasvið Reykjavíkurborgar tryggi að slík námskeið verði í boði fyrir starfsmenn í leik- og grunnskólum borgarinnar.

2. Allir leik- og grunnskólar borgarinnar verði hvattir til að móta sér verklagsreglur um hvernig beri að bregðast við grun um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum. Tekið verði mið af verklagsreglum Leikskóla Reykjavíkur og Barnaverndar Reykjavíkur frá árinu 2004 (fylgiskjal 4).

3. Efnt verði til málþings á vegum Menntasviðs Reykjavíkurborgar þar sem fjallað verði um hlutverk starfsmanna á leik- og grunnskólum ef grunur vaknar um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum.

4. Menntaráð sendi ályktun til Kennaraháskóla Íslands þar sem hvatt verði til þess að fræðsla um barnavernd og kynferðislegt ofbeldi gegn börnum verði sett inn í grunnám þeirra fagstétta sem vinna með börnum.

Efnisyfirlit

Tillögur hópsins.....	3
1. Inngangur	5
2. Vinna starfshópsins - samantekt úr fundargerðum.....	6
3. Tillögur starfshópsins.....	8
4. Ítarefni.....	10
5. Fylgiskjöl.....	11

1. Inngangur

Á 19. fundi menntaráðs Reykjavíkur sem haldinn var 20. október 2005 var samþykkt „að efna til umræðu við fagfólk og foreldrasamtök um hlutverk skólanna í umræðu og fræðslu um kynferðisofbeldi gegn börnum“. Í því skyni var ákveðið að stofna starfshóp sem fjallaði um fræðslu í skólum um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum (sjá fylgiskjal 1). Hópurinn skyldi hafa að meginmarkmiði að setja fram hugmyndir um hvernig styrkja megi starfsfólk í leik- og grunnskólum til að þekkja einkenni og bregðast við grun um kynferðislegt ofbeldi gagnvart nemendum skólanna. Helstu verkefni hópsins voru skv. erindisbréfi:

- Að efna til umræðu um hlutverk leik- og grunnskóla ef grunur er uppi um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum.
- Að setja fram tillögur til menntaráðs um hvernig megi styrkja starfsfólk í leik- og grunnskóla í þessu hlutverki.

Hópurinn var skipaður með erindisbréfi dags. 7. nóvember 2005 (sjá fylgiskjal 2). Í starfshópnum voru:

Ragna Ólafsdóttir, skólastjóri Melaskóla
Kristín Einarsdóttir, leikskólastjóri í Garðaborg
Tinna Sigurðardóttir, leikskólakennari, Mýri
Guðrún Þóra Vilhjálmsdóttir, námsráðgjafi Árbæjarskóla
Þorgeir Magnússon, sálfræðingur á þjónustumiðstöð Árbæjar
Guðrún Edda Bentsdóttir, verkefnastjóri á grunnskólaskrifstofu Menntasviðs,
Sigríður Marteinsdóttir, verkefnastjóri á leikskólaskrifstofu Menntasviðs.

Guðrún Edda var verkstjóri hópsins en Sigríður ritari.

Samkvæmt erindisbréfi skyldi starfstímabil vinnuhópsins vera frá desember 2005 til mars 2006.

Hópurinn hélt samtals átta fundi á þessu tímabili. Í erindisbréfi fékk hópurinn leiðbeiningar um að leita fanga hjá öðru fagfólki. Hópurinn fór þess á leit við nokkra sérfræðinga á þessu sviði að þeir kæmu á fund hópsins og kynntu starfsemi sína og gæfu hópnum ráð um hvernig hann gæti sinnt því hlutverki sem honum var falið. Vigdís Erlendsdóttir, framkvæmdastjóri Barnahúss kynnti hópnum hlutverk Barnahúss ef upp kemur grunur um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum. Halldóra Gunnarsdóttir og Auður Guðmundsdóttir frá Barnavernd Reykjavíkur greindu hópnum frá því hvernig þar væri tekið á málum varðandi kynferðislegt ofbeldi gegn börnum. Guðrún Jónsdóttir (Rúna), talskona Stígamóta, sagði frá starfi þeirra við að vinna gegn kynferðislegu ofbeldi á börnum. Svava Björnsdóttir, verkefnisstjóri *Blátt áfram* forvarnarverkefnisins gegn kynferðisofbeldi á börnum á vegum UMFÍ sagði frá helstu þáttum þess verkefnis. Einnig boðaði hópurinn fulltrúa foreldra í samtökunum *Börnin okkar* og SAMFOK til sín á fund til að heyra þeirra sjónarmið um hvernig best væri að standa að því verki sem hópnum var falið.

Eftir að hafa ráðfært sig við þá sérfræðinga sem að ofan greinir setti hópurinn fram tillögur um hvernig megi efna til umræðu um hlutverk leik- og grunnskóla ef upp kemur grunur um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum og hvernig megi styrkja starfsfólk leik- og grunnskóla í þessu hlutverki.

2. Vinna starfshópsins – samantekt úr fundargerðum

Á 1. fundi var farið yfir erindisbréf og helstu verkefni hópsins. Einnig var farið yfir vinnuáætlun fyrir starfið. Ákveðið var hvaða fulltrúar stofnana og sérfræðingar í málefnum um kynferðisofbeldi gegn börnum yrðu kallaðir til að upplýsa hópinn og segja frá reynslu sinni. Á fyrsta fundinum kom fram hjá vinnuhópnum nauðsyn á fræðslu bæði í formi grunn- og símenntunar.

Vigdís Erlendsdóttir, framkvæmdastjóri Barnahúss, var gestur 2. fundar og upplýsti hópinn um starfsemi Barnahúss. Í máli hennar kom fram að mikið er hringt í Barnahús frá leik- og grunnskólum. Í símtölunum kæmi fram talverð hræðsla og óöryggi varðandi tilkynningaskyldu starfsmanna. Vigdís taldi varhugavert að benda á einhver ákveðin atriði sem einkenni kynferðisofbeldis því fagfólk, þ.e. leik- og grunnskólakennarar, væru mun færari í að þekkja hegðunarfrávik en starfsfólk Barnahúss. Styrkja þurfi sjálftraust leik- og grunnskólakennara til að treysta á eigin dómgreind í þessum málum. Mikilvægast sé ætíð að láta barnið njóta vafans. Því lagði hún mikla áherslu á fræðslu til starfsmanna leik- og grunnskóla um þessi mál.

Gestir 3. fundar voru Halldóra Gunnarsdóttir og Auður Guðmundadóttir frá Barnavernd Reykjavíkur. Halldóra er starfandi framkvæmdastjóri og Auður er ráðin til eins árs og mun m.a. sjá um fræðslu til samstarfsaðila um tilkynningaskyldu og verklag hjá Barnavernd Reykjavíkur sem og vinnslu ofbeldismála. Í því sambandi er ekki eingöngu horft á kynferðisofbeldi heldur fjallað um ofbeldi almennt og litið á kynferðislegt ofbeldi sem hluta af því ofbeldi sem börn geti orðið fyrir. Til eru verklagsreglur fyrir leikskólustarfsmenn og dagforeldra svo og heilbrigðisstarfsmenn varðandi tilkynningu til barnaverndarnefndar. Almennt gildir sú regla að skólustjórar tilkynna til Barnaverndar og er það gert til verndar einstökum starfsmönnum eða kennurum. Nauðsynlegt er að auka traust á milli Barnaverndar og starfsmanna í leik- og grunnskólum. Þær Halldóra og Auður lögðu mikla áherslu á að starfsmenn skólanna hefðu samband og ráðfærðu sig við starfsmenn Barnaverndar. Í slíkum tilvikum væri ekki nauðsyn að gefa upp nafn. Barnavernd Reykjavíkur sinnir bráðamálum en vinnur að öllu jöfnu að því að kanna aðstæður barna og vinnur að því að bæta aðstæður þeirra. Í máli þeirra kom fram að fáar tilkynningar um ofbeldi á börnum berist frá leik- og grunnskólunum. Samdóma álit þeirra var að kennarar séu þeir sem eru best fallnir til að vera trúnaðarmenn barna og foreldra því þeir eru oftast í nánum tengslum við börnin. Varast ber þó að lofa börnunum því að segja ekki frá því að starfsmenn skólanna geti ekki alltaf staðið við slík loforð. Nauðsynlegt sé að styrkja kennara til að takast á við þessi mál. Börnin fái alltaf að njóta vafans í þessum efnunum.

Svava Björnsdóttir mætti á 4. fund og sagði frá verkefninu *Blátt áfram* sem er forvarnarverkefni UMFÍ gegn kynferðisofbeldi á börnum. Unnið hefur verið að ýmiskonar kynningarstarfi og dreifingu á efni t.a.m. bæklingnum *Sjö skref til verndar börnunum okkar* sem var dreift inn á öll heimili og í alla grunnskóla landsins. Til stendur að dreifa honum einnig í alla leikskóla. Unnið er í samstarfi Barnaverndarstofu, Barnahús og Barnavernd Reykjavíkur. Verkefnisstjórar *Blátt áfram* hafa staðið fyrir námskeiðunum *Verndarar barna* fyrir stofnanir, fyrirtæki og félagasamtök en markmið námskeiðanna er að styrkja einstaklingana í að bregðast við grun og treysta á eigið innsæi ef grunur vaknar um ofbeldi á börnum fremur en að einblína um of á einkenni. Einnig er stuðlað að því að byggja upp traust gagnvart þeim aðilum sem taka við tilkynningum um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum, s.s. Barnahúsi, Barnavernd Reykjavíkur og Neyðarlínunni. Boðið er upp á fyrirlestra um forvarnir gegn kynferðislegu ofbeldi gegn börnum. *Blátt áfram* hópinn hefur þýtt og staðfært brúðuleikritið *Krakkarnir í hverfinu* fyrir börn í 1. - 6. bekk grunnskóla. Brúður eru

láttnar tala við og svara spurningum frá börnum um kynferðislegt og líkamlegt ofbeldi. Sálfræðingur eða félagsráðgjafi er viðstaddir hverja sýningu. Reynslan hefur sýnt að það gerir kennara öruggari með að taka þátt í verkefninu. Kennarar vilja gjarnan fá fræðslu eða fyrirlestur áður en brúðuleiksýningin fer fram. Menntaráð hefur nýlega gefið vilyrði fyrir styrk til verkefnisins sem skapar möguleika á að niðurgreiða sýningarnar til leik- og grunnskóla í borginni. Svava bauð öllum meðlimum hópsins að sitja næsta námskeið *Verndarar barna* ef þeir hefðu tök á og skildi eftir umsagnir um námskeiðið og verkefnabók sem fylgir námskeiðinu.

Guðrún (Rúna) Jónsdóttir frá Stígamótum kom á 5. fund hópsins. Hún sagði frá tilurð Stígmóta og starfsemi. Hún greindi frá námstefnu sem samtökin stóðu fyrir og bar yfirskriftina „Bætt menntun, betri viðbrögð, menntun fagfólks og meðferð kynferðisbrotamála“ er haldin var í KHÍ árið 2004. Tildrögin að þeirri námstefnu var að kennarar í skóla einum höfðu leitað ráða vegna nemenda sem hafði verið beittur kynferðisofbeldi. Í tengslum við undirbúning var kannað hvað stæði í námskrá Kennaraháskólans um þessi mál og var niðurstaðan sú að þar var ekki neitt um þessi mál í grunnnámi en hægt að fá fræðslu í valnámskeiðum. Rúna sagði það ekki viðunandi að fræðsla um kynferðisafbrotamál séu ekki í grunnnámi kennara og annara fagstétta. Hún saknaði líka hversu fáir kennarar frá KHÍ komu á námstefnuna. Hún benti á að á hverju ári komi fram í ársskýrslu samtakanna að 50% þeirra sem leita til Stígamóta hafa ekki leitað annað áður. Í ljósi þessa er það því nauðsynlegt að búa til jarðveg þannig að börn þori að koma fram og segja frá. Mennta þarf fólk svo það læri að taka við þessum erfiðu málum. Fræðsla þarf að byrja í leikskólum. Menntun fagstétta og símenntun sé lykilatriði. Jafnframt sé nauðsynlegt að fyrir liggi skýrar verklagsreglur um það ferli sem kynferðisbrotamálum sé beint í á hverri stofnun og að þær reglur séu kynntar starfsfólki.

Berþóra Valsdóttir frá SAMFOK og Jóhanna Rósa Arnardóttir frá *Börnunum okkar* voru gestir 6. fundar. Bergþóra benti á að fræðsla til starfsfólks sé lang mikilvægust. Það þurfi að leggja áherslu á þekkingu og símenntun. Hún benti jafnframt á að óeðlilega fáar tilkynningar komi frá leik- og grunnskólum. Bergþóra benti líka á að ætíð eigi að láta barnið njóta vafans. Hún spurði hvort starfsfólki skólanna sé almennt kunnugt hvernig eigi að bera sig að og hvert eigi að leita. Upplýsingar um slíkt geti verið í verkhandbók. Tekið var undir þessi sjónarmið og bent á að ekki sé nóg að mennta heldur þurfi að vera jarðvegur til að fylgja eftir. Jóhanna Rósa sagði þessi erfiðu mál árlega til umræðu hjá *Börnunum okkar* og þá um öryggi barnanna. Hún velti fyrir sér hvernig ráðning starfsmanna færi fram og hvernig bakgrunnur þeirra væri kannaður. Jóhanna Rósa lagði áherslu á að báðir foreldrar séu upplýstir um gang mála ef tilkynnt er eða ef grunur vaknar um að barn sé beitt ofbeldi. Bent var á að ekki gildi það sama um vanrækslu og ef grunur vaknar um ofbeldi af einhverju tagi þar sem foreldrar gætu verið aðilar að málinu. Jóhanna Rósa vill að hópurinn horfi á málin með opnum huga, leggur áherslu á að hagur barnsins sé í fyrirrúmi en engu að síður að báðir foreldrar fái vitneskju. Báðar töldu nauðsynlegt að foreldrar hefðu vitneskju um fræðslu í skólum utan hins hefðbundna námsefnis, s.s. ýmis forvarnarverkefni. Skiptar skoðanir séu um slíkt efni en almennt var talið að flestir skólastjórar gæti þess að foreldrar séu upplýstir um það sem fer fram í skólanum.

3. Tillögur hópsins

1. Allir leik- og grunnskólar borgarinnar verði hvattir til að setja inn í símenntunaráætlanir sínar fræðslu um barnavernd, þ. m. t. viðbrögð við grun um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum. Menntasvið Reykjavíkurborgar tryggi að slík námskeið verði í boði fyrir starfsmenn í leik- og grunnskólum borgarinnar.

Þeir sérfræðingar sem komu á fund hópsins voru sammála um að mikilvægt væri að efla sjálfstraust þeirra fagstétta sem vinna í leik- og grunnskólum til að treysta á eigin þekkingu og reynslu varðandi líðan og þarfir barna. Slíkt verður best gert með því að halda reglulega fræðslufundi eða námskeið um barnavernd þar sem m.a. verði farið yfir hvernig eigi að bregðast við grun um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum. Öllum starfsmönnum skólanna verði gert að sækja slíka fræðslu á sama hátt og starfsmenn leikskólanna sækja reglulega skyndihjálparnámskeið.

Efnt verði til samstarfs við KHÍ, Velferðarsvið Reykjavíkurborgar, þjónustumiðstöðvar borgarinnar og Lýðheilsustöð um að útbúa slík námskeiðstilboð fyrir leik- og grunnskóla en einnig má benda skólum á þau námskeið sem *Blátt áfram* verkefnið og Stígamót bjóða upp á. Taka þarf afstöðu til hvort boðið verði upp á mismunandi námskeið fyrir starfsfólk í leikskólum og grunnskólum. Fulltrúar starfsmanna í leik- og grunnskólum taki þátt í að móta námskeiðin í samstarfi við KHÍ og aðra aðila sem að námskeiðunum koma. Á námskeiðunum fái starfsmenn í hendur leiðbeiningar um hvernig eigi að bregðast við grun um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum s.s. nöfn og símanúmer þeirra aðila sem leita má til þ.á.m. Barnahúss, Barnaverndar Reykjavíkur, Stígamóta og *Blátt áfram* verkefnisins. Einnig verði upplýsingar um tilkynningarskyldu starfsmanna, boðleiðir vegna tilkynninga og fjallað um persónuleg viðbrögð og hvað helst hindrar starfsfólk í að tilkynna ef grunur vaknar um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum. Enn fremur verði starfsfólk upplýst um hvernig unnið er með þau mál sem eru tilkynnt formlega til Barnaverndar Reykjavíkur.

2. Allir leik- og grunnskólar borgarinnar verði hvattir til að móta sér verklagsreglur um hvernig beri að bregðast við grun um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum. Tekið verði mið af verklagsreglum Leikskóla Reykjavíkur og Barnaverndar Reykjavíkur frá árinu 2004 (fylgiskjal 4).

Í verklagsreglunum komi fram skýrar og einfaldar leiðbeiningar til starfsmanna um hvernig beri að bregðast við grun um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum. Áhersla verði á lagalega skyldur stofnunar og hvers starfsmanns sbr. 17. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 og veittar upplýsingar um nöfn og símanúmer þeirra stofnana sem hægt er að leita til s.s. Barnahúss, Barnaverndar Reykjavíkur, Stígamóta og *Blátt áfram* verkefnisins. Þeir sérfræðingar sem leitað við til töldu mikilvægt að reglurnar væru samræmdar miðlægt þannig að allir leik- og grunnskólar bregðist við með sama hætti.

3. Efnt verði til málþings á vegum Menntasviðs Reykjavíkurborgar þar sem fjallað verði um hlutverk starfsmanna á leik- og grunnskólum ef grunur vaknar um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum.

Um væri að ræða hálf dags málþings þar sem fulltrúum frá leik- og grunnskólum í Reykjavík væri boðið að taka þátt. Málþinginu væri fyrst og fremst ætlað að vekja máls á þessum mikilvæga málaflokki í skólum borgarinnar og kynna þær áherslur sem yfirvöld menntamála hyggjast setja í þessum efnunum. Á málþinginu kynni þeir aðilar sem vinna að málaflokknum starfsemi sína og vinnulag í þeim málum sem hér um ræðir. Mikilvægt er að efla jákvætt

viðhorf til Barnahúss og Barnaverndar Reykjavíkur með því að gefa starfsmönnum þessara stofnana tækifæri til að kynna starfsemi sína. Einnig væri talsmönnum Stígamóta og verkefnisstjórum *Blátt áfram* boðið að kynna sitt starf á þessum vettvangi.

4. Menntaráð sendi ályktun til Kennaraháskóla Íslands þar sem hvatt verði til þess að fræðsla um barnavernd og kynferðislegt ofbeldi gegn börnum verði sett inn í grunnnám þeirra fagstétta sem vinna með börnum.

Þeir sérfræðingar sem hópurinn ræddi við voru allir sammála um að mikilvægt væri að efla sjálfstraust fagstéttanna sem vinna með börnum að því að treysta eigin þekkingu og reynslu af því hvað væru frávik frá eðlilegri hegðun og ef grunur kemur upp um ofbeldi gegn barni. Fræðsla og ráðgjöf til fagstéttanna sé nauðsynleg til að styrkja þá í að sinna þessu hlutverki. Mikilvægt sé að allir starfsmenn sem vinna með börnum fái fræðslu um þessi mál sem hluta af sínu grunnnámi til að opna augu þeirra fyrir málaflokknum og hvetja þá til að bregðast við ef upp kemur minnsti grunur um ofbeldi. Því sé mikilvægt að fræðsla um barnavernd og viðbrögð við ofbeldi gegn börnum sé hluti af grunnnámi þeirra fagstétta sem vinna með börnum.

4. Ítarefni

Barnahús (ártal vantar). Bæklingur um starfsemi Barnahúss.

Barnavernd Reykjavíkur - vefslóð: http://www.velferdarsvid.is/displayer.asp?cat_id=654

Barnaverndarlög nr. 80/2002. Sótt af vefnum 4. apríl 2006
<http://www.althingi.is/lagas/130a/2002080.html>

Freeman, L. og Deach, C. (2005). *Þetta er líkaminn minn*. Reykjavík: Barnaheill.

<http://www.blattafram.is>

<http://www.stigamot.is>

Stígamót (2004). *Bætt menntun, betri viðbrögð, menntun fagfólks og meðferð kynferðisbrotamála*. Ársskýrsla Stígamóta 2004. Reykjavík: Stígamót.

Stígamót (2005). *Ársskýrsla Stígamóta 2005*. Reykjavík: Stígamót.

www.society.guardian.co.uk

Ungmennafélag Íslands (án ártals). *7 skref til verndar börnunum okkar*. Reykjavík: Ungmennafélag Íslands.

Upplýsingar um Barnahús: Sótt af vefnum 3. apríl 2006 á slóðinni
<http://www.bvs.is/?m=2&ser=70>

5. Fylgiskjöl

1. Úr fundargerð 19. fundar menntaráðs frá 20. október 2005
2. Erindisbréf starfshópsins
3. Fundargerðir starfshópsins
4. Verklagsreglur frá árinu 2004 vegna tilkynningarskyldu starfsfólks leikskóla og dagforeldra í Reykjavík til barnaverndarnefnda.
5. Blátt áfram: Leiðarvísir um stefnumótun og framkvæmdaráætlun fyrir stofnanir sem vinna með börnum og unglingum.

Úr fundargerð 19. fundar menntaráðs Reykjavíkurborgar haldinn 20. október 2005.

12. liður:

Fulltrúar R-lista lögðu fram eftirfarandi tillögu:

Menntaráð felur Menntasviði að efna til umræðu við fagfólk og foreldrasamtök um hlutverk skólanna í umræðu og fræðslu um kynferðisofbeldi gegn börnum. Kanna ber hvort æskilegt geti talist að skipa starfshóp með fulltrúum úr ráðinu, frá Menntasviði, fulltrúum skólastjórnenda, kennara og foreldra sem hefði það hlutverk að leggja fyrir ráðið tillögur um hvernig skólarnir geti gegnt hlutverki í þessu sambandi. Til dæmis hvernig fræðslu sé þörf á að fara með inn í skólana, hvernig kennarar og annað starfsfólk skólanna sé í stakk búið að greina málsatvik tengd kynferðislegu ofbeldi og takast á við þau.

Tillagan samþykkt einróma.

Erindisbréf

<p>Heiti vinnuhóps: Starfshópur um fræðslu í skólum um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum</p>
<p>Ábyrgðarmaður: Sviðsstjóri Menntasviðs</p>
<p>Hlutverk: Að setja fram hugmyndir um hvernig styrkja megi starfsfólk í leik- og grunnskólum til að þekkja einkenni og bregðast við grun um kynferðislegt ofbeldi gagnvart nemendum skólanna.</p>
<p>Helstu verkefni:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Að efna til umræðu um hlutverk leik- og grunnskóla ef grunur er uppi um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum. • Að setja fram tillögur til menntaráðs um hvernig megi styrkja starfsfólk í leik- og grunnskóla í þessu hlutverki.
<p>Fulltrúar í vinnuhópi</p> <ul style="list-style-type: none"> • 2 fulltrúar skólastjóra í leik- og grunnskólum • leikskólakennari • námsráðgjafi/ grunnskólakennari • fulltrúi frá sérfræðiþjónustu leik- og grunnskóla • Guðrún Edda Bentsdóttir og Sigríður Marteinsdóttir, Menntasviði
<p>Verkstjóri vinnuhóps: Guðrún Edda Bentsdóttir, verkefnisstjóri á grunnskólaskrifstofu</p>
<p>Ritari: Sigríður Marteinsdóttir, sérfræðingur á leikskólaskrifstofu</p>
<p>Ráðgjöf: Hópurinn leiti fanga hjá öðru fagfólki t.d. hjá barnavernd Reykjavíkur, Barnaverndarstofu og félagasamtökum, s.s. Stígamótum, Samfok, Börnin okkar o.fl.</p>
<p>Starfstímabil: Desember 2005 – mars 2006</p>
<p>Skil: Til menntaráðs Reykjavíkur</p>

Starfshópur um fræðslu í skólum um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum

1. fundur haldinn á aðalskrifstofu Menntasviðs 18. janúar. 2006

Samkvæmt erindisbréfi skipa hópinn :

- Ragna Ólafsdóttir, skólastjóri Melaskóla
- Kristín Einarsdóttir, leikskólastjóri Garðaborg
- Tinna Sigurðardóttir, leikskólakennari Mýri
- Guðrún Þóra Vilhjálmsdóttir námsráðgjafi Árbæjarskóla
- Þorgeir Magnússon þjónustumiðstöð Árbæjar
- Guðrún Edda Bentsdóttir, Menntasviði, verkstjóri vinnuhóps
- Sigríður Marteinsdóttir, Menntasviði ,ritari

Ofangreindir utan Rögnu Ólafsdóttur mættu á fundinn.

1. Farið yfir erindisbréf þar sem fram kemur að helstu verkefni hópsins eru.

- Að efna til umræðu um hlutverk leik og grunnskóla ef grunur er uppi um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum.
- Að setja fram tillögur um til menntaráðs um hvernig megi styrkja starfsfólk í leik – og grunnskóla í þessu hlutverki.

Áréttað að vinnuhópurinn er að skoða leiðir til að auðvelda starfsfólki að þekkja einkenni og bregðast við ef grunur leikur á kynferðislegu ofbeldi gegn börnum frekar en fræðslu til barnanna. Guðrún Edda verkstjóri hópsins upplýsti að góð reynsla væri af vinnuhópum sem þessum og skýrslur hafa komið að góðum notum í áframhaldandi vinnu.

2. Farið yfir vinnuáætlun. Gert er ráð fyrir að funda vikulega fyrst um sinn í farmkvæmdaráætlun eru verkefnaskil í mars 2006. Fundardagar verða föstudagar kl 11:00 til 12:00 með einhverjum breytingum sem verða þá tilkynntar. Næsti fundur verður föstudaginn 27. janúar kl. 11:00 til 12:00
3. Ráðgjöf. Hópurinn mun kalla til fundar fagfólk sem komið hefur að vinnu við málaflökkinn. Kynferðisofbeldi er þannig málaflökkur að líklegt að hver sá sem kallaður verður til ráðgjafar þurfi góðan tíma. Ákveðið að fá fulltrúa frá einum hópi í einu. Fulltrúar frá eftirfarandi aðilum verða kallaðir til. Barnavend Reykjavíkur, Barnverndarstofa, Barnahús, Blátt áfram, Stígamót. Eins verður skoðað að hafa samband við samtök foreldra í leik- og grunnskólum,(Börnin okkar, Samfok)
4. Umræður um hvaða við sjáum sem niðurstöður hópsins. Mikilvægt að vita í hvaða farvegi málin eru eftir að búið er að tilkynna grun. Spurning hvort hópurinn taki saman það hvernig afgreiðsla þessara mála er, þó ekki víst að það sé svo þar sem um trúnaðarmál er að ræða. Umræða um samvinnu við KHÍ varðandi fræðslu til kennaranema eða í formi símenntunnar.

2. fundur haldinn á aðalskrifstofu Menntasviðs 27. janúar. 2006

Mættir: Ragna Ólafsdóttir, Kristín Einarsdóttir, Tinna Sigurðardóttir, Guðrún Þóra Vilhjálmisdóttir, Þorgeir Magnússon, Guðrún Edda Bentsdóttir, Sigríður Marteinsdóttir er ritaði fundargerð.

Gestur fundarins var Vigdís Erlendsdóttir, framkvæmdastjóri Barnahúss. Guðrún Edda tilgreindi hlutverk hópsins. Einn liður er að fá fagfólk til ráðgjafar og upplýsinga.

Vigdís greindi frá meginhlutverki Barnahúss sem er fyrst og fremst aðstoð við réttarvörslukerfið. Málum er ekki vísað beint til Barnahúss heldur koma erindin frá barnaverndarnefndum.

Annað megin hlutverk er að vera til ráðslags hvaða leiðir eigi að fara t.d. vegna tilkynningaskyldu. Mikið hringt frá leik og grunnskólum og greinilegt að fólk hefur áhyggjur og er óöruggt og þá jafnvel af því að það sé ekki að láta barnið njóta vafans. Vigdís sagði nokkuð algengt að fólk hringdi og talaði um grun sinn og þakkaði svo fyrir góð ráð en oftast ekki hefði starfsmaður Barnahúss ekki lagt neitt til málanna, þannig að viðra málin væri oft nóg.

Varðandi hver eru einkenni kynferðisofbeldis þá telur Vigdís það varhugavert að benda á einhver ákveðin atriði, segir fagfólk þ.e. leik og grunnskólakennara vera mun færari í að þekkja frávik en starfsfólk Barnahúss. Styrkja þarf sjálfstraust leik og grunnskólakennara í að þeir eru þeir hæfustu til að þekkja frávik barnanna. Númer eitt er að láta barnið njóta vafans.

Við gerð verklagsreglna þarf að taka tillit til ýmissa þátta og getur verið snúið. Umræður urðu um hvort ekki beri að láta foreldra vita og hvort það væri ekki skrytinn skilaboð að kennara sé gert að tilkynna til barnaverndarnefndar. Spurning hvort ekki væri eðlilegra að tala við foreldra ef grunur vaknar og benda þeim t.d. á Barnahús.

Spurning hvort verið er að vanmeta hlut foreldra. Bent á reglur barnverndar þar sem grunur um kynferðisbrot eru í sérstöðu, mikill munur á þeim og vanrækslu. Vigdís bendir til eru verklagsreglur frá barnaverndarnefndum og þar er tekið fram "að jafnaði, skuli láta foreldra vita en ef grunur leikur á að forsjáradili beiti ofbeldinu á ekki að láta foreldra vita.

Umræður fóru fram um hvað ferli fer í gang þegar grunur vaknar hjá kennurum. Í grunnskólum fara slíkar grunsemdir fyrir nemendaverndarráð. Þar á alls ekki að taka afstöðu á ekki að virka sem sía þannig að einhver gæti hugsanlega slegið á gruninn. Spurning hvað gerist ef leikskólastjóri t.d. telur ekki ástæðu til að tilkynna grun sem hefur vaknað hjá starfsmanni. Viðkomandi ber þá að tilkynna í sínu nafni.

Verklagsreglur þurfa að vera til, það þarf að áréttta þær reglulega fara yfir árlega. Fræðsla og aftur fræðsla er mikilvæg. Í KHÍ þarf að vera námskeið um kynferðisofbeldi gegn börnum.

Vigdís fær tillögur hópsins til yfirlstrar áður en skýrslu verður skilað. Hafa inn í verklagsreglum að eftir ár verði þær endurskoðar. Það mætti gera með könnun.

3. fundur haldinn á aðalskrifstofu Menntasviðs 3. febrúar. 2006

Mættir: Ragna Ólafsdóttir, Kristín Einarsdóttir, Guðrún Þóra Vilhjálmisdóttir, Þorgeir Magnússon, Guðrún Edda Bentsdóttir, Sigríður Marteinsdóttir er ritaði fundargerð.

Gestir fundarins voru þær Halldóra Gunnarsdóttir og Auður Guðmundadóttir frá Barnavernd Reykjavíkur.

Halldóra starfar nú sem framkvæmdastjóri í leyfi Guðrúnar Frímansdóttur. Hún hafði áður þann starfa að taka á móti tilkynningum sem berast til Barnaverndar. Eftir mikla umræðu sl. haust um kynferðisofbeldi gegn börnum var ákveðið að auka um eitt stöðugildi hjá Barnavernd Reykjavíkur til að huga það þeim málum var Auður ráðin til þess starfs frá ármótum. Verkefnið var víkkað út þ.e. að einnig væri tekið á ofbeldi almennt gegn börnum. Starf Auðar er því að taka á móti tilkynningum vegna gruns um ofbeldi gegn börnum og sjá um fræðslu til starfshópa. Farið verður með kynningar á þjónustumiðstöðvar og haldnir verða fundir með kennurum og skólastjórum, leikskólastjórar hafa þegar fengið slíka kynningu.

Nú þegar hafa verið gerðar verklagsreglur fyrir leikskólastarfsmenn og dagforeldra svo og heilbrigðisstarfsmenn. (lagt fram á fundinum) Halldóra leggur til að gerðar verði nýjar verklagsreglur sem ná til leik og grunnskóla. Starfsmenn Barnaverndar eru tilbúnir að aðstoða starfsfólk leik- og grunnskóla og eru tilbúnir til að koma og tala við barnið. Þeir eru líka með aðstöðu í Barnahúsi. Ef grunur er um kynferðisofbeldi er að ræða á ekki að hafa samband við foreldra. Starfsmenn Barnaverndar hafa verið með svokallaða tilkynningafundi í grunnskólum, minna í leikskólum, gefist vel en eiga ekki við ef um kynferðisofbeldi er að ræða. Halldóra ráðleggur að alltaf sé haft samband við Barnavernd ef grunur vaknar, ráðfæra sig, þarf ekki að gefa upp nafn. Þó ekki sé ráðlagt að fara í beina rannsóknarvinnu er gott ráð að fylgjast vel með og jafnvel skrifa niður. Barnavernd Reykjavíkur hefur boðið upp á þessa aðstoð en ekki getað sett inn í verklagsreglur þar sem þetta er ekki tilgreint í barnaverndarlögum.

Starfshópurinn gæti skoðað þetta og sett í sínar tilögur.

Varðandi að þekkja einkenni kynferðisofbeldi þá tekur hún undir orð Vigdísar í þeim efnum og varar við að leitað sé eftir ákveðnum einkennum.

Umræður urðu um hlutverk Barnaverndar, tilkynningaskyldu o.fl. Halldóra segir það að skólastjóri tilkynni sé til að auðelda kennurum að koma fram með grun sinn. Erfitt fyrir hinn almenna kennara að standa einn fyrir tilkynningu. Í grunnskólum kvitta skólastjóri og hjúkrunarfræðingur fyrir hönd nemendaverndarráðs. Spurning hvort ekki þurfi að fara fram víðtæka kynningu á starfi og starfsmönnum Barnaverndar, létta af “grýlunni,, Bent á þörfina að vita við hvern er verið að tala. Halldóra vill meina að hræðslan við Barnavernd sé að breytast sérstaklega hjá unga fólkinu. Bent er á nauðsyn þess að auka traust á milli Barnaverndar, leik og grunnskóla sem Halldóra tekur undir og telur góða möguleika á því. Halldóra bendir á brotalöm á tilkynningum um líkamlegt ofbeldi, kynferðisofbeldi hafi verið meira í sviðsljósi mun fleiri tilkynningar berist um þau mál en líkamlegt ofbeldi t.d. kemur nánast aldrei tilkynning frá slysadeild um slíkt. Umræða fór fram um forvarnir og aðkomu Barnaverndar að þeim og hvort það sé ekki innan barnaverndarlaga. Halldóra bendir á að Barnavernd Reykjavíkur starfi fyrst og fremst sem bráðþjónusta.

Umræða fór fram þá hvatningu til nemenda um að þau tjái sig um sína reynslu og hvort kennarar séu réttu aðilararnir til að vera trúnaðarmenn. Ef ekki þeir hverjir þá? Halldóra bendir á aðgát í nærveru sálar. Tekur undir orð Vigdísar að engir séu í raun færari að nálgast börnin

en þeir sem eru með þeim alla daga og tekur undir að styrkja þurfi kennara í þessu hlutverki. Skóli er ekki bara reikningur og lestur við erum löngu búin að viðurkenna það með öllu því sem skólanum er í raun gert að uppfylla. Halldóra brýnir að ekki megi lofa börnunum að segja ekki frá því sem þau segja kennurum. Bent á að fyrir börn er lenda í erfiðum málum eins og kynferðisofbeldi er skólinn hugsanlega griðarstaður.

Halldóra fær sendar tilögur hópsins til yfirlestrar.

Breyttur fundartími á næsta fundi, Hefst kl. 9:00

4. fundur haldinn á aðalskrifstofu Menntasviðs 10. febrúar. 2006

Mættir: Guðrún Þóra Vilhjálmsdóttir, Tinna Sigurðardóttir og Guðrún Edda Bentsdóttir er ritaði fundargerð.

Forföll boðuðu: Kristín Einarsdóttir, Ragna Ólafsdóttir og Sigríður Marteinsdóttir.

Gestur fundarins var Svava Björnsdóttir, verkefnisstjóri Blátt áfram hjá UMFÍ.

Svava var boðin hjartanlega velkomin á fundinn. Farið var yfir hlutverk og helstu verkefni starfshópsins.

Svava sagði frá Blátt áfram sem er forvarnarverkefni UMFÍ gegn kynferðisofbeldi á börnum. Að mati aðstandenda verkefnisins er mikil þörf fyrir umræðu um málefnið og mikilvægt að kenna börnum að setja hlutina í orð. Aðstandendur verkefnisins hafa verið í nánú samstarfi við Barnaverndarstofu, Barnahús og Barnavernd Reykjavíkur og vísa gjarnan málum þangað ef þau eru þess eðlis að slíkt reynist nauðsynlegt.

Verkefnisstjórn hefur líka unnið ötullega að ýmis konar kynningarstarfi. "Bláum slaufum" með upplýsingum um starf verkefnisstjórnarinnar var dreift til allra grunnskóla landsins. Þar kemur fram hvers konar ráðgjöf og liðsinni Blátt áfram verkefnið hefur upp á að bjóða. Bæklingnum *Sjö skref til verndar börnunum okkar* sem þýddur var 2004 og er nú í endurprentun var dreift inn á öll heimili og í alla grunnskóla landsins. Til stendur að dreifa honum einnig í alla leikskóla.

Verkefnið Blátt áfram felst m.a. í námskeiðum fyrir foreldra og starfsfólk skóla og umönnunarstofnana um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum og bera þau yfirskriftina *Verndarar barna*. Námskeiðin eru jafnan 3,5 klst. og fara ýmist fram inni í skólunum eða stofnunum sjálfum eða á skrifstofu UMFÍ. Námskeiðin byggja á bæklingnum *7 skref til verndar börnunum okkar*. Námskeiðinu fylgir verkefnabók og framkvæmdaáætlun gegn kynferðislegu ofbeldi fyrir félagasamtök, stofnanir og fyrirtæki sem vinna með börnum. Markmið námskeiðanna er að styrkja einstaklingana í að bregðast við grun og treysta á eigið innsæi ef grunur vaknar um ofbeldi á börnum fremur en að einblína um of á einkenni. Einnig er stuðlað að því að byggja upp traust gagnvart þeim aðilum sem taka við tilkynningum um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum s.s. Barnahúsi, Barnavernd Reykjavíkur og Neyðarlínunni. Svava dreifði umsögnum um námskeiðin m.a. frá Smáraskóla í Kópavogi en þar var öllum starfsmönnum skólans boðið að sækja námskeið á vegum Blátt áfram. Námskeiðið kostar kr. 9.000.- fyrir 1 - 10 þátttakendur en veittur er 60% afsláttur ef þátttakendur eru fleiri en 10. Ef um er að ræða fleiri en 30 á sama námskeiði kostar kr. 1.000.- pr. mann.

Verkefnisstjórar Blátt áfram bjóða einnig upp á fyrirlestra um forvarnir gegn kynferðislegu ofbeldi gegn börnum. Um er að ræða 1 - 2 klst. fyrirlestur með umræðum. Þá er forvarnarverkefnið Blátt áfram kynnt og hvernig hægt er að fyrirbyggja kynferðislegt ofbeldi gegn börnum. Fyrirlestur kostar kr. 15.000.-

Enn fremur er boðið upp á fyrirlestur fyrir grunnskólanema í 7. - 10. bekk um forvarnir gegn kynferðislegu ofbeldi í tengslum við nám í lífsleikni. Þá er farið inn í bekkina og talað beint við nemendur. Farið er í gegnum sjö skrefa bæklinginn og mikilvægi þess að þolendur kynferðislegs ofbeldis leiti sér aðstoðar. Einnig er fjallað um mikilvægi þess að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum.

Blátt áfram hópurinn hefur einnig staðið fyrir því að þýða og staðfæra brúðuleikritið "*Krakkarnir í hverfinu*" fyrir börn í 1. - 6. bekk grunnskóla. Brúður eru látnar tala við og svara spurningum frá börnum um kynferðislegt og líkamlegt ofbeldi. Sálfræðingur eða félagsráðgjafi er viðstaddir hverja sýningu sem reynslan hefur sýnt að gerir kennara öruggari með að taka þátt í verkefninu. Komið hefur í ljós að kennarar vilja gjarnan fá fræðslu eða fyrirlestur áður en brúðuleiksýningin fer fram. Eftir sýningarnar fá skólarnir möppur með handritum að leikþáttunum og verkefni fyrir börnin til að stuðla að frekari skilningi þeirra á efninu. Leiksýningin kostar kr. 30 þús. og er hægt að taka á móti allt að 50 börnum á hverja sýningu. Menntaráð hefur nýlega gefið vilyrði fyrir styrk til verkefnisins sem gefur tækifæri á að niðurgreiða sýningarnar.

Svava áréttaði að ef Menntasvið Reykjavíkurborgar hefði áhuga á samstarf um að bjóða upp á fyrirlestra eða námskeið í mörgum leikskólum og/eða grunnskólum væri verkefnisstjórnin tilbúin til samninga um kostnað.

Svava lýsti sig tilbúna til áframhaldandi ráðgjafar og samstarfs við hópinn og bauð meðlimum hans að sitja næsta námskeið á vegum Blátt áfram sem haldið verður 16. feb. nk. kl. 8:30 - 12:00. Einnig afhenti hún hópnum eintök af þeim gögnum sem hún hefur dreift á fyrirlestrum og námskeiðum ef hópurinn gæti nýtt sér þessi gögn.

Næsti fundur verður á hefðbundnum fundartíma, föstudaginn 17. feb. kl. 11 - 12.

5. fundur haldinn á aðalskrifstofu Menntasviðs 17. febrúar. 2006

Mættir: Guðrún Þóra Vilhjálmisdóttir, Kristín Einarsdóttir, Ragna Ólafsdóttir Guðrún Edda Bentsdóttir, Sigríður Marteinsdóttir. er ritaði fundargerð.

Gestur fundarins var Guðrún Jónsdóttir (Rúna) frá Stígamótum. Rúna var boðin velkomin á fundinn. Farið var yfir hlutverk og helstu verkefni starfshópsins.

Rúna byrjaði á segja að hún hefði meðferðis ársskýrslu síðasta árs en ný ársskýrsla kemur út 8. mars eins og ársskýrslur Stígmóta hafa ætíð gert. Rúna sagði síðan frá starfi Stígamóta og tilurð þeirra og notaði glærur til stuðnings. Rúna sagði að hægt væri að nálgast tvo bæklinga um sífjaspell og nauðgun hjá Stígamótum sem eru reyndar komnir til ára sinna en í fullu gildi.

Varðandi ársskýrslu 2004 þá benti Rúna á að forsíðan væri í tengslum við verkefni vinnuhópsins. Árið 2004 héldu Stígmót námstefnu í KHÍ með yfirskriftinni „Bætt menntun BETRI VIÐBRÖGÐ menntun fagfólks og meðferð kynferðisbrotamála“. Tildrögin að þeirri námstefnu var að kennarar í skóla einum höfðu leitað ráða vegna nemenda sem hafði verið

beittur kynferðisofbeldi. Ráðleysi kennara og annara starfsmanna gagnvart þessu var algert. Í tengslum við undirbúning könnuðu þær hvað staði í námskrá Kennaraháskólans og komust að því að þar var ekki neitt um þessi mál í grunnnámi en hægt að taka í vali. Sömu sögu er að segja um nám annara starfsstétta. Rúna segir það ekki viðunandi að fræðsla um kynferðisafbrotamál séu ekki í grunnnámi kennara og annara fagstétta. Rúna segist líka hafa saknað þess hversu fáir kennarar frá KHÍ komu á námstefnuna.

Rúna segir frá tilurð Stígamóta sem spruttu upp úr kvennahreyfingunni, það var samkennd sem var upphafið og þróast út í jafningjafræðslu. Í fyrstu voru starfskonur Stígamóta þolendur kynferðisofbeldis en það hefur breyst á síðustu árum og er menntun og reynsla starfskvenna af ýmsum toga. Aðalstarfsemi Stígamóta eru viðtöl við þolendur og byggist á sjálfshjálpi en ekki meðferðarvinnu. Flestir þeirra er leita til Stígamóta eru konur sem voru misnotaðar sem börn þannig að ekki er um ný mál að ræða. Sjálfshjálparhópar skila miklum árangri í vinnu og er einn mikilvægasti þáttur í starfi Stígamóta. Starfsemi Stígamóta hefur aukist á undanförunum árum, þar má nefna fræðslu, kynningar og baráttumál ýmiskonar, samvinna við önnur samtök innlend og erlend. Eitt sem Stígamót hefur gert er að bjóða í það sem þær kalla „eftirmiðdagskaffi“ fyrir lykilpersónur þá bjóða þær stjórnáráðgjafum o.fl. í kaffi og kynna sína starfsemi telja þetta árangursríkt. t.a.m. er stefnumörkun ríkistjórnar varðandi kynferðisofbeldi í sjónmáli. Mikið um að nemendur á flestum skólastigum sækji í fræðslu og eru að vinna að verkefnum um kynbundið ofbeldi. Gæðamat hefur farið fram á starfi Stígamóta og kom það mjög vel út.

Rúna fór síðan yfir nokkrar tölur sem koma fram í ársskýrslu, bendir á sláandi staðreyndir að miðað við tölur þá má gera ráð fyrir að 17% barna í meðalstórum skóla hafi verið beitt kynferðisofbeldi. Annað sem kemur í ljós að flestir eða 79,7% nefna að erfiðasta afleiðing kynferðisofbeldis er skömmin. Börnin segja ekki frá taka sjálf ábyrgðina og svo það sem Rúna segir á hverju ári sé sláandi þegar ársskýrslan kemur út, er að það kemur í ljós að yfir 50% þeirra sem koma til Stígamóta hafa ekki leitað sér aðstoðar annarsstaðar. Hún spyr hvar eru hinir, skólarnir, heilsugæslan o.fl.?

Það er því nauðsynlegt að búa til jarðveg þannig að börn þori að koma fram og segja frá. Það þarf að mennta fólk svo það læri að taka við þessum erfiðu málum. Fræðsla þarf að byrja í leikskólum fræða strákana snúa athygli frá þeim sem verða fyrir ofbeldinu að þeim sem fremja það. Ekki fræða stelpurnar um hvernig megi verjast ofbeldinu heldur að uppfræða drengi um afleiðingar kynferðisofbeldis. Rúna hvetur til að karlar tali við karla verði sýnilegir og axli ábyrgðina, telur að það væri sterkt að fá þekkt einstaklinga með sterka ímynd til að vera í forsvari.

Menntun fagstétta og símenntun lykilatriði. Rúna lýsti sig tilbúna til áframhaldandi ráðgjafar og samstarfs við hópinn

Næsti fundur þ. 24. febrúar á hefðbundnum tíma 11:00 -12:00

6. fundur haldinn á aðalskrifstofu Menntasviðs 17. febrúar. 2006

Mættir: Guðrún Þóra Vilhjálmsdóttir, Tinna Sigurðardóttir, Þorgeir Magnússon, Guðrún Edda Bentsdóttir, Sigríður Marteinsdóttir, er ritaði fundargerð.

Gestir fundarins voru Berþóra Valsdóttir frá SAMFOK og Jóhanna Rósa Arnardóttir frá Börnunum okkar. Þær voru boðnar velkomnar á fundinn. Farið var yfir hlutverk og helstu verkefni starfshópsins. Greint frá hvaða gestir hafa komið á fundina og dregið saman í stuttu máli sem fram hefur komið á fyrri fundum og hvað hefur helst verið lögð áhersla á. Lesin var

17. gr. barnaverndarlaga um tilkynningarskyldu og það að allir er komið hafa að vinnu starfshópsins hafa ítrekað mikilvægi tilkynningarskyldu. Bent á að til eru verklagsreglur fyrir starfsfólk leikskóla sem þó fría ekki einstaklinga frá því að tilkynna. Eins hafa allir verið sammála um að styrkja þurfi starfsfólk í að treysta eigin dómgreind.

Bergþóra bendir á að fræðsla til starfsfólks sé lang mikilvægust, það þurfi að leggja áherslu á þekkingu, bendir á mikilvægi símenntunar. Segir óeðlilega fáar tilkynningar koma frá leik og grunnskólum. Bendir á að ætíð eigi að láta barnið njóta vafans.

Jóhanna Rósa spyr hver sé skilgreining á kynsferðisofbeldi ? Erfið mál, árleg umræða hjá Börnunum okkar, um öryggi. Er t.d. einn starfsmaður í skilastöðu? Hvaða reglur gilda um utanaðkomandi sem koma inn á leikskólann ? Hvernig fer ráðning starfsmanna fram ? Jóhanna Rósa leggur áherslu á að þegar tilkynnt er, þá sé það tryggt að báðir foreldrar séu upplýstir um gang mála. Eins segir hún lykilatriði að foreldrar fái vitneskju um ef grunur vaknar um að barn sé beitt ofbeldi. Bent er á að ekki gildi það sama um vanrækslu og ef grunur vaknar um ofbeldi af einhverju tagi þar sem foreldrar gætu verið aðilar að málinu. Jóhanna Rósa vill að hópurinn horfi á málin með opnum huga, leggur áherslu á að hagur barnsins sé í fyrirrúmi en engu að síður að báðir foreldrar fái vitneskju.

Bergþóra kemur inn á það hve óþægilegt getur verið að vita ekki hvernig málin standa eftir að tilkynnt er. Hægt að hringja inn nafnlaust til Barnaverndarnefnd og fá ráð. Bergþóra spyr hvort starfsfólki sé almennt kunnugt hvernig eigi að bera sig að og hvert eigi að leita, bendir á að upplýsingar geti verið í verkhandbók . Tekið er undir þessi sjónarmið og bent á að ekki sé nóg að mennta heldur þurfi að vera jarðvegur til að fylgja eftir. Ljóst að vantað hefur tengsl á milli þess sem tilkynnir og Baraverndarnefndar og eins það að sá sem tilkynnir fái t.d. vitneskju um þegar máli er lokið.

Umræður um reynslu af því að tilkynna o.fl. Bent á að öll mál skoðuð hins vegar fara ekki öll mál til Barnaverndarnefndar. Yfirleit tveir í skilastöðu á leikskólum, bent var á að ólíklegt væri að gerandi í kynferðisbrotmálum léti til skara skriða á þeim tíma þar sem alltaf mætti eiga von á fólki. Verklagsreglur eru til í leikskólanum um hvernig á að bregðast ef starfsmaður er grunaður um ofbeldi gegn börnum.

Umræður um fræðslu í skólum utan hins hefðbundna námsefnis s.s. ýmis forvarnarverkefni og vitneskju foreldra um það. Jóhanna Rósa hefur t.d. efasemdir um sýningar s.s. eins og brúðuleikhússýningu frá Blátt áfram sem Menntaráð hefur ákveðið að styrkja, hún telur eðlilegt að foreldrar fái vitneskju um slíkt og geti þannig stjórnað því hvort börnin taki þátt eða ekki. Bent er á að ekki fari alltaf saman hagsmunir foreldra og barna. Margir foreldrar vilja að skólar taki ábyrgð á fræðslu, meðan aðrir vilja fylgjast með og vega og meta hvort börnin taki þátt. Flestir skólastjórar sjá til þess að foreldrar séu upplýstir um það sem fer fram í skólanum.

Næsti fundur föstudaginn 10. mars 10:00 -12 :00

7. fundur haldinn á aðalskrifstofu Menntasviðs 10. mars. 2006

Mættir: Guðrún Þóra Vilhjálmsdóttir, Tinna Sigurðardóttir, Þorgeir Magnússon, Kristín Einarsdóttir, Guðrún Edda Bentsdóttir, Sigríður Marteinsdóttir, er ritaði fundargerð.

Guðrún Edda setti fund og fór yfir erindisbréfið. Starfshópurinn er kominn á þann stað að draga saman það sem komið hefur fram og vinna í samræmi við það sem kveðið er á í erindisbréfinu.

Eftir umræður og skoðanaskipti þar sem komið var inn á fjölmargt. s.s. nauðsyn á fræðslu, bæði grunn- og símenntun og styrkingu í að mæta erfiðum aðstæðum. Hugmynd kom fram um að fá aðrar stofnanir í samstarf s.s. Lýðheilustöð, Þjónustumiðstöðvar, Velferðarsvið og eins hugsanleg samvinna við KHÍ.

Umræður og hugmyndir um hvernig best er að standa að slíkri fræðslu, dæmi málþing og síðan fræðsla í kjölfar, fræðsla sem væri þá skylda að taka reglulega eins og dæmi er um slysavarnarnámskeið. Ráðast í gerð verklagsreglna sem verða aðgengilegar. Hugmyndir voru einnig um að fræðslan einskorði sig ekki einungis við kynferðisofbeldi heldur ofbeldi gegn börnum á allan hátt.

Niðurstaða starfshópsins er að útbúinn verði fræðslupakki, ath. hvar/hvort fræðsla sem Blátt áfram hefur verið með í samvinnu við UMFÍ gæti nýst í fræðslupakkann. Síðan að lagt verði til að útbúnar verði aðgengilegar verklagsreglur varaðandi tilkynningar og hvernig eigi að bregðast við ef grunur leikur á kynferðisofbeldi.

Guðrún Edda og Sigríður gera drög að skýrslu unna út frá tillögum sem fram hafa komið.

Næsti fundur 31. mars kl. 12:00

8. fundur haldinn á aðalskrifstofu Menntasviðs 31. mars. 2006

Mættir: Guðrún Þóra Vilhjálmsdóttir, Tinna Sigurðardóttir, Þorgeir Magnússon, Kristín Einarsdóttir, Guðrún Edda Bentsdóttir, Sigríður Marteinsdóttir, er ritaði fundargerð.

Lokafundur starfshópsins. Farið yfir drög að lokaskýrslu. Gerðar lagfæringar og komið með tilögum að viðbótum bæði í texta og ítarefni.

Starfshópurinn ræddi síðan um sakavottorð og komst að þeirri niðurstöðu að eðlilegt væri að sá sem hyggst starfa með börnum og unglíngum leggi fram sakavottorð.

Guðrún Edda þakkaði að lokum fyrir góða og árangursríka samvinnu í starfshópnum.

Verklagsreglur vegna tilkynningarskyldu starfsfólks leikskóla og dagforeldra í Reykjavík til barnaverndarnefnda

Verklagsreglurnar voru unnar í samstarfi Leikskóla Reykjavíkur og Barnaverndar Reykjavíkur árið og samþykktar í leikskólaráði 10. janúar árið 2004.

1.1. Tilkynningarskylda þeirra sem afskipti hafa af börnum

“Hverjum þeim sem stöðu sinnar og starfa vegna hefur afskipti af málefnum barna og verður í starfi sínu var við að barn búi við óviðunandi uppeldisskilyrði, verði fyrir áreitni eða ofbeldi eða að barn stofni heilsu sinni og þroska í alvarlega hættu er skylt að gera barnaverndarnefnd viðvart.

Sérstaklega er leikskólastjórum, leikskólakennurum, dagforeldrum, skólastjórum, kennurum, prestum, læknum, tannlæknum, ljósmæðrum, hjúkrunarfræðingum, sálfræðingum, félagsráðgjöfum, þroskaþjálfum og þeim sem hafa með höndum félagslega þjónustu eða ráðgjöf skylt að fylgjast með hegðun, uppeldi og aðbúnaði barna eftir því sem við verður komið og gera barnaverndarnefnd viðvart ef ætla má að aðstæður barns séu með þeim hætti sem lýst er í 1. mgr.

Tilkynningarskylda samkvæmt þessari grein gengur framur ákvæðum laga eða siðareglum um þagnarskyldu viðkomandi starfsstétta”

Barnaverndarlög nr. 80/2002 17. gr.

1.2. Tilkynningarskylda vegna þungaðra kvenna

Tilkynningarskyldan gildir einnig um þungaðar konur sem stofna heilsu eða lífi ófædd barns síns í hættu með óviðunandi eða háskalegu líferni, t.d. með ofneyslu áfengis eða fíkniefnaneyslu.

Barnaverndarlög nr. 80/2002 3.mgr. 21. gr

Með þessum verklagsreglum er til þess ætlast að starfsmenn leiksskóla og dagforeldrar meti hvort ástand, líðan eða umönnun barns sé þannig háttáð að tilkynna eigi um það til barnaverndarnefndar þar sem barnið býr. Tilkynna þarf um grun ekki aðeins staðfestar sannanir. Það er síðan barnaverndarnefnd og/eða starfsmenn hennar sem meta hvort grunur sé nægilega rökstuddur og taka ákvörðun um frekari könnun í framhaldi af því.

II Hver tilkynnir og hvernig

Gert er ráð fyrir að tilkynnt sé í nafni leikskóla eða Leikskóla Reykjavíkur og að tilkynningin sé á ábyrgð leikskólastjóra en ekki einstakra starfsmanna. Leikskóli nýtur ekki nafnleyndar sbr. 19. gr. barnaverndarlaganna. Þegar tilkynnt er skal það gert í samráði við leikskólastjóra og eftir atvikum Ráðgjafa- og sálfræðideild Leikskóla Reykjavíkur. Mælt er með að tilkynningar séu gerðar skriflega, en gefist ekki tími til þess má tilkynna símleiðis.

Dagforeldrar tilkynna að öllu jöfnu í eigin nafni til barnaverndarnefnda en að höfðu samráði við daggæsluráðgjafa. Dagforeldrar geta ekki tilkynnt undir nafnleynd sbr. 19. gr. barnaverndarlaganna. Starfsmenn Barnaverndar Reykjavíkur veita fúslega upplýsingar og ráðgjöf í síma: 535-2600.

III Um hvað er tilkynnt

Mat á því hvort líkur séu á að barn búi við vanrækslu eða hafi orðið fyrir ofbeldi.

Að öllu jöfnu er um viðvarandi ástand að ræða eða ítrekaða atburði, leiðbeiningar starfsmanna leikskólans til forráðamanna um úrbætur hafa ekki bætt aðstæður barnsins.

- Líkamleg og andleg vanörfun og vanræksla,
- Líkamlegt, andlegt og kynferðislegt ofbeldi.
- Vímuefnaneysla foreldra sem bitnar á umönnun barnsins.
- Ung börn skilin eftir gæslulaus eða í umsjá annarra barna.
- Heilsugæslu ekki sinnt þótt um vanheilsu sé að ræða.
- Leiðbeiningum vegna gruns um frávik í þroska ekki sinnt.
- Tíð smáslys sem hægt hefði veri að fyrirbyggja.
- Endurteknir áverkar sem barn á erfitt með að útskýra.

- Lélegur fatnaður sem hentar illa aðstæðum.
- Ítrekuð óregla á mætingum eða barn er ítrekað sótt of seint eða það gleymist að sækja barnið.

IV Samskipti við foreldra

Að jafnaði skal láta foreldra vita af tilkynningunni og gera þeim grein fyrir að starfsfólk sé þannig að fylgja lagaskyldu um að tilkynna grun um vanrækslu eða ofbeldi til barnaverndarnefndar. Í samtali við foreldra þarf að koma fram að málið snúist um velferð barnsins og stuðning við það fremur en ásökun í þeirra garð.

Upplýsið foreldra um að í kjölfar tilkynningar geti þeir átt von á að starfsmenn barnaverndarnefndar hafi samband og leiti frekari upplýsinga hjá þeim um hagi barnsins og umönnun þess. Oftast eru foreldrar boðaðir skriflega í viðtal til Barnaverndar Reykjavíkur.

Þegar grunur vaknar um ofbeldi gegn barninu af hálfu forsjáraðila eða annarra heimilismanna og talið er að það geti skaðað hagsmuni barnsins að forsjáraðila sé kunnugt um að tilkynnt hafi verið til barnaverndarnefndar, eiga starfsmenn ekki að ræða um tilkynninguna við foreldrana.

V Upplýsingarskylda gagnvart barnaverndarnefnd.

Rétt þykir að nefna hér stuttlega aðrar skyldur leikskóla og dagforeldra skv. barnaverndarlögum. Mikilvægt er fyrir barnaverndarnefndir að eiga greiðan aðgang að nauðsynlegum upplýsingum um börn og foreldra við könnun barnaverndarmáls til að meta aðstæður barnsins. Upplýsingaskyldan gildir óháð því hvort viðkomandi stofnun hefur tilkynnt um málið til barnaverndarnefndar eða ekki. Þessi ákvæði eru tiltekin í 44. gr. Barnaverndarlaganna.

Barnavernd Reykjavíkur óskar við könnun barnaverndarmála eftir skriflegum upplýsingum frá leikskólum og dagforeldrum. Er það gert skriflega með stöðluðu bréfi þar sem fram kemur hvaða upplýsinga um barnið er óskað.

Tilkynningum ber að beina til barnaverndarnefndar þar sem barnið býr.

Barnaverndarnefnd Reykjavíkur; sími: 535 2600 frá kl. 08.20 – 16.15

Neyðarvakt vegna barnaverndarmála í Reykjavík, frá kl. 16:15 virka daga og allar helgar: 892-7821

Barnaverndarnefnd Hafnarfjarðar sími 585 5700

Bakvakt utan skrifstofutíma 664 5700

Félagsmálaráð Kópavogs sími 570 1400

bakvakt utan skrifstofutíma sími 862 5975

Félagsmálaráð Seltjarnarness sími 595 9100

neyðarsími utan skrifstofutíma lögreglan í Reykjavík

Félagsmálanefnd Mosfellsbæjar sími 525 6700

Utan skrifstofutíma 566 6605 og 899 2456

Upplýsingar um símanúmer hjá öðrum barnaverndarnefndum má finna á heimasíðu Barnaverndarstofu: <http://www.bvs.is> þar er einnig að finna ýmsar gagnlegar upplýsingar um barnaverndarstarf á Íslandi.